# 428 Til hafs sól hraðar sér




5. Þó dagsins skundum skeið
skjótt fram að nóttu
brátt hennar líður leið
að ljósri óttu.

6. Svo lífið braut er breið
til banakífsins
og dauðinn eins er leið
aftur til lífsins.

7. Svo lifa sérhver á
sem sálast eigi
en andast eins og sá
sem aldrei deyi.

8. Í þína umsjón nú,
ástríki faðir,
felum líf, byggð og bú,
blundum svo glaðir.

**T** Arnór Jónsson – Sb. 1801
**L** Nürnberg 1534 – Gr. 1607 – PG 1861
**H** Ný sálmasöngsbók

Ný sálmasöngsbók © Skálholtsútgáfan, 2023